1. október 2026

Ágrip fyrir ráðstefnu Kennsluakademíunnar 20. nóvember 2026

Frá einföldum viðmiðum til sjálfstæðrar vinnu: Stigvaxandi matskvarðar í háskólakennslu.

Guðmundur Freyr Úlfarsson
Prófessor í umhverfis- og byggingarverkfræði
Háskóla Íslands

Í námskeiðinu UMV401G Landfræðileg upplýsingakerfi 1 hafa matskvarðar verið notaðir um árabil til að gera námsmat gagnsærra, samræma mat og styðja stúdenta við að bæta eigin vinnu. Reynslan sýndi fljótt að umfangsmikill matskvarði, þar sem öll matsatriði námskeiðsins voru sett fram strax í upphafi, gat orðið stúdentum þungur í skauti. Þeir áttu erfitt með að átta sig á væntingum og nýta matskvarðann sem virkt verkfæri í náminu.

Til að bregðast við þessu var þróuð aðferð þar sem byrjað er með einfaldan matskvarða, í upphafi með aðeins einu matsatriði. Eftir því sem líður á misserið bætast ný matsatriði við í takt við viðfangsefni námskeiðsins og aukna færni stúdenta. Í fyrstu verkefnum er lögð áhersla á grunnatriði í framsetningu korta, en síðar bætast við viðmið um boðskap, aðferðir, framsetningu, fræðilegan texta, skipulag, heimildir og gögn. Samhliða þessu eru skilgreiningar verkefna opnari og stúdentar fá aukið svigrúm til að velja aðferðir og útfærslu.

Matskvarðarnir eru ræddir í kennslustundum og dæmi um verkefni skoðuð í ljósi þeirra. Þannig verða þeir ekki aðeins tæki til einkunnagjafar heldur sameiginlegur grundvöllur samtals um gæði, sjálfsmat og gagnrýna hugsun. Reynslan bendir til að þessi stigvaxandi uppbygging geri stúdentum auðveldara að tileinka sér matsviðmiðin, nýta endurgjöf og taka aukna ábyrgð á eigin námi.

Í erindinu verður fjallað um þróun stigvaxandi matskvarða sem leið til að skapa gagnsætt og styðjandi námsumhverfi þar sem leiðsögn kennara minnkar smám saman en sjálfstæði, faglegt mat og ígrundun stúdenta eykst.